



Orðakista ASÍ

ORÐAKISTA ASÍ / OK

Orðakista ASÍ - OK er orðasafn ætlað trúnaðarmönnum stéttarfélaganna og erlendum félagsmönnum. Um er að ræða smáforrit (app) sem þýðir orð tengd íslenskum vinnumarkaði. Allt efni er fengið úr kjarasamningum og öðru útgefnu efni sem tengist vinnumarkaði með beinum hætti. Lögð var áhersla á forrit sem væri einfalt og fljótlegt í notkun. Þegar orð er slegið inn birtast allar myndir þess sem finnast í gögnunum, ásamt þýðingu og setningadæmum. Smáforritið er aðgengilegt fyrir öll snjalltæki, bæði Android og IOS en hægt er að sækja það á Google Play Store og App Store Apple.

MARKMIÐ

Markmið með smáforritinu er að auðvelda trúnaðarmönnum starf sitt og samskipti við erlent samstarfsfólk. Forritið nýtist bæði íslenskum trúnaðarmönnum við að aðstoða starfsfólk af erlendum uppruna sem og öllum félagsmönnum sem ekki eru með íslensku að móðurmáli. Orðakistan nýtist öllum atvinnugreinum þar sem erlent starfsfólk þarf aðstoð við að skilja sértækan orðaforða kjarasamninga og vinnumarkaðar.

NÆSTU SKREF

Í fyrstu útgáfu er einungis þýðing af íslensku yfir á ensku. Hafin er vinna við útgáfu af ensku á íslensku og milli pólsku og íslensku. Verkefnið er unnið í samvinnu við Rit ehf. sem hannar og framleiðir smáforritið.

SÆKJA APPIÐ



DÆMI UM BIRTINGU



orlof
holiday pay

orlofsuppbótar
holiday pay bonus

orlofsuppbóta
holiday pay bonus

orlofsuppbót
holiday pay bonus

orlofstökuréttur
holiday taking rights

orlofstöku
taking holidays

orlofstímans
holiday period

orlofstímabils
holiday period



laun
wages

launþegi
employee

launþegar
employees

launþega
employee

launum
wages